Messur

Guðsþjónustur sunnudaginn 9. júlí 1989
Árbæjar og Grafarvogssókn
Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju sunnudag kl. 11 árdegis. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson annast guðsþjónustuna. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
Áskirkja
Árleg safnaðarferð. Farið frá Áskirkju kl. 9 árdegis. Messa í Hvalsneskirkju kl. 11. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Altarisganga. Fermd verður Inga Britta Jónsdóttir p.t., Skriðustekk 21, Reykjavík. Svanhildur Sveinbjörnsdóttir syngur stólvers. Organisti Sigríður Jónsdóttir sem nú lætur af störfum eftir eins árs þjónustu. Sr. Gísli Jónasson.
Bústaðakirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Ólafur Jens Sigurðsson messar. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sóknarnefndin.
Dómkirkjan
Messa kl. 11. Dómprófastur sr. Guðmundur Þorsteinsson setur sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson inn í embætti Dómkirkjuprests. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn H. Friðriksson. Dómkórinn syngur. Dómkirkjan.
Viðeyjarkirkja
Messa kl. 14. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn H. Friðriksson. Sérstök bátsferð verður með kirkjugesti kl. 13.30. Sr. Hjalti Guðmundsson.
Elliheimilið Grund
Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Organisti Kjartan Ólafsson.
Fella- og Hólakirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Sóknarprestar.
Fríkirkjan í Reykjavík
Guðsþjónusta kl. 14.00. Orgelleikari Kristín Jónsdóttir. Safnaðarferðin verður að þessu sinni farin á Snæfellsnes og í Breiðafjarðareyjar helgina 15.–16. júlí. Farið verður frá Fríkirkjunni kl. 9,00 á laugardagsmorgninum og komið heim á sunnudagskvöld. Gist verður í Stykkishólmi. Far má panta hjá Bertu Kristinsdóttur að degi til í síma 29188, hjá Eygló Viktorsdóttur í síma 32564 á kvöldin og í síma Fríkirkjunnar 14579 þar sem símsvari tekur við skilaboðum allan sólarhringinn. Cecil Haraldsson.
Grensáskirkja
Guðsþjónusta sunnudag kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Prestarnir.
Hallgrímskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Matur seldur eftir messu. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.
Landspítalinn
Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman.
Háteigskirkja
Messa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.
Kópavogskirkja
Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Sr. Árni Pálsson.
Langholtskirkja
Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Jón Stefánsson. Kór Langholtskirkju syngur. Einsöngur: Sólrún Bragadóttir óperusöngkona. Kaffi verður á könnunni eftir stundina. Sr. Þórhallur Heimisson.
Laugarneskirkja
Laugardagur 8. júlí. Messa kl. 11 í Hátúni 10 b, 9. hæð. Sóknarprestur.
Neskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Miðvikudag: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.
Seljakirkja
Guðsþjónusta kl. 20. Elísabet F. Eiríksdóttir sópransöngkona og Dúfa Einarsdóttir alt syngja tvísöng. Sóknarprestur.
Seltjarnarneskirkja
Messa kl. 11. Organisti Sighvatur Jónasson. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.
Stokkseyrarkirkja
Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Tilkynningar

Fornbílaklúbburinn

Fornbílaklúbburinn fer í svokallaða dvalarheimilisferð á sunnudaginn, 9. júlí. Lagt verður af stað frá Rafveituhúsinu við Suðurlandsbraut kl. 13.30 og ekið að Reykjalundi í Mosfellsbæ. Þar verður stoppað til kl. 14.45. Frá Reykjalundi verður ekið að Skálatúni án viðdvalar og síðan sem leið liggur að Vífilsstöðum. Að lokum verður ekið að Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem bílarnir verða frá kl. 15.45 til kl. 16.15.

Safnaðarferð Fríkirkjusafnaðarins

Safnaðarferð Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík verður að þessu sinni farin á Snæfellsnes helgina 15.– 16. júlí. Farið verður frá Fríkirkjunni kl. 9 að morgni laugardags og ekið að Búðum með viðkomu í Borgarnesi. Farið verður fyrir Jökul og höfð viðdvöl á Arnarstapa og í Dritvík. Síðan verður ekið um Snæfellsnes norðanvert inn í Stykkishólm. Þar verður gist í Egilshúsi, glæsilegu, gömlu húsi, sem gert hefur verið sem nýtt, og í félagsheimili Lionsmanna, sem upphaflega var símstöð og pósthús bæjarins. Á sunnudaginn verður guðsþjónusta í Stykkishólmskirkju og mun þar þjóna prestur Fríkirkjusafnaðarins, séra Cecil Haraldsson. Að guðsþjónustu lokinni verður farið í útsýnisferð um suðureyjar Breiðafjarðar. Komið verður aftur til Reykjavíkur á sunnudagskvöld. Kostnaður vegna fargjalda og gistingar er kr. 3.000 á mann. Ferðalangar eru hvattir til að taka með sér nesti en einnig gefst möguleiki á að kaupa máltíðir á gististöðum auk þess sem boðið verður upp á hressingu á leiðinni. Farseðlar eru seldir í versluninni Brynju, Laugavegi 29, en einnig má panta far hjá Bertu Kristinsdóttur að degi til í síma 29188, hjá Eygló Viktorsdóttur í síma 32564 á kvöldin og í síma Fríkirkjusafnaðarins, 14579, þar sem símsvari tekur við skilaboðum allan sólarhringinn.




Fiðluleikur í Dillonshúsi

Fiðluleikararnir Margrét Kristjánsdóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir og Margrét Hjaltested munu leika fyrir kaffigesti í Dillonshúsi, Árbæjarsafni, á sunnudag kl. 15–16. Þær stallsystur munu leika lög eftir Mozart, Beethoven og Dvorak. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp í Árbæjarsafni að safngestir fá endurgreiddan aðgangseyri ef keyptar eru veitingar fyrir ákveðna upphæð. Nánari upplýsingar eru gefnar í safninu.

Guðmundur í Eden

Í Eden í Hveragerði stendur nú yfir myndlistarsýning Guðmundar Sigurðssonar, skólastjóra í Borgarnesi. Þetta er sjötta einkasýning hans. Auk þess hefur hann tekið þátt í samsýningum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Myndirnar eru aðallega olíu- og krítarmyndir, gerðar á síðustu sex árum. Sýningunni lýkur 10. júlí. Hún verður síðan opnuð aftur á Höfn í Hornafirði 14. júlí.



Laugardagsganga og púttvöllur

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 8. júlí. Lagt verður af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Markmið göngunnar er samvera, súrefni og hreyfing. Verið með í skemmtilegum félagsskap. Nýlagað molakaffi. Hana nú opnaði nýlega 18 holu púttvöll á Rútstúni. Einfalt og ódýrt golf. Látið skrá ykkur í púttklúbbinn.

EINING ÞJÓNUSTA AA BATI

Sumarmót AA samtakanna
Sumarmót AA samtakanna verður haldið í Galtalækjarskógi helgina 7.–9. júlí. Þar verður margt sér til gamans gert. Sameiginlegt grill verður, dansleikir og trúðurinn Jógi mætir á mótið. Verð kr. 1.600, frítt fyrir 16 ára og yngri. Nánari upplýsingar gefa Árni, s. 71804, og Sigurður, s. 623189.

Ferðalög

Útivist

Viljirðu virkilega kynnast landinu ættirðu að koma með í þessar ferðir:
a) 13.–16. júlí (4 dagar), Kjölur-Sprengisandur – Drangey.
Ekið norður Kjöl með viðkomu á Hveravöllum. Gist tvær nætur að Fagranesi í Skagafirði. Siglt með Jóni Eiríkssyni

Kjarvalsstaðir:

Haukur Dór og Preben


Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum Hauks Dórs og danska listamannsins Prebens Boye.

Haukur Dór sýnir um 50 málverk í vestursal og eru þau flest máluð með akrýl á striga. Myndirnar eru flestar málaðar á undanförnum tveimur árum. Haukur býr og starfar í Kaupmannahöfn.

Haukur Dór var á sínum tíma einn af stofnendum SÚM-hópsins en hann hefur alla tíð málað kraftmiklar og tjáningarríkar myndir. Hann er án vafa einn markverðasti expressionisti meðal íslenskra málara.

Preben Boye sýnir 17 höggmyndir úr granít í vesturforsal. Preben er kvæntur íslenskri konu og bjó hér um hríð. Hann hefur einnig búið og starfað á Grænlandi og má sjá áhrif þess á höggmyndum hans.

Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 11–18.



Haukur Dór og Preben Boye á Kjarvalsstöðum.



Rúna Gísladóttir sýnir myndverk í Ferstiklu.

Ferstikla, Hvalfirði:

Rúna Gísladóttir sýnir smámyndir


Rúna Gísladóttir listmálari stendur um þessar mundir fyrir sýningu á verkum sínum í Ferstikluskála í Hvalfirði. Þar eru á ferðinni akrýlmálverk af smærri gerðinni og nokkrar collagemyndir.


Þetta er fjórða einkasýning Rúnu. Hinar fyrri voru á Kjarvalsstöðum 1987, á Blönduósi í fyrra og á Siglufirði í vor. Jafnframt hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum. Rúna nam í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, auk þess sem hún hefur sótt námskeið hér heima og í Noregi.

Myndir Rúnu í Ferstiklu verða til sýnis og sölu næstu vikurnar.

Olíumyndir í Þrastarlundi

Þórhallur Filippusson heldur málverkasýningu í Þrastarlundi. Þar eru til sýnis fjórtán olíumálverk. Sýningunni lýkur 16. júlí.





Í Slunkaríki á Ísafirði sýnir Halldór Ásgeirsson

Ísafjörð

Halldór Ás í Slunk

Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður opnar sýningu í Slunkaríki á Ísafirði á morgun, laugardag.

Halldór nam myndlist í París á árunum 1977–1980 og 1983–1986. Á listamannsferli sínum hefur hann gert víðreist um heim-

inn
hefð
hefu
inga
Sý
dag

Gerðube

Regnbogast

Tvær sýningar verða á Regnbogastráknum í listamiðstöðinni í Gerðubergi um helgina, kl. 15 á laugardag og sunnudag.

Regnbogastrákurinn er nýtt barnaleikrit eftir Ólaf Gunnarsson með tónlist eftir

Gun
Hau
skes
fer